



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009  
Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163

## Fimmti fundur félags- og menningamálanefndar 12. september 2011

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Starfsemi Íþróttamiðstöðvar, Jóhannes Steingrímsson mætir til fundarins.
3. Stefnumörkun í úthlutun menningarstyrkja.
4. Samningur um félagsstarf eldri borgara.
5. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning

Fundur settur kl. 16:30 á skrifstofu sveitastjóra að Hlíðarvegi 6.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Kristján Steingrímsson, Jón Elvar Steindórsson og Bergþóra Kristjánsdóttir.

### 2. Starfsemi Íþróttamiðstöðvar, Jóhannes Steingrímsson mætir til fundarins.

Umræða um opnunartíma íþróttamiðstöðu og sundlaugar:

Nefndin styður tillögu Jóhannesar um opnunartíma á íþróttahúsinu þ.e mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga frá 09:00-19:00, miðvikudaga frá 12:00-19:00 og laugardaga frá 12:00-16:00 og leggur jafnframt til sundlaugin verði opin 15:00-19:00 á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum og á laugardögum milli 12:00 og 16:00.

Jóhannes upplýsir nefndina um að úttekt hafi verið gerð á rafkerfi hússins í sumar og að mikilla lagfæringa væri þörf. Nú þegar er búið að framkvæma helstu lagfæringar.

Jóhannes telur brýnt að laga aðkomuna að íþróttahúsinu sem og að æskilegt væri að bæta aðstöðu fyrir fólk til að sitja fyrir utan Íþróttamiðstöðina.

Jóhannesi þakkað fyrir veittar upplýsingar og hann fer af fundi.

Umræður urðu um lög og reglugerðir varðandi kröfur um hæfni og mat á hæfi starfsmanna sundstaða. Nefndir ítrekar mikilvægi þess að hæfnismat sé framkvæmt og það sé gert að vori, áður en nýtt starfsfólk hefur störf.

### 3. Stefnumörkun í úthlutun menningarstyrkja.

Rætt um stefnumörkun varðandi úthlutun menningarstyrkja.

Lagt er til að litið verði á styrkveitingar heilsteypt og nefndinni verði falið að vinna að stefnumótun varðandi styrkveitingar.

### 4. Samningur um félagsstarf eldri borgara.

Samningur um félagsstarfið skoðaður og ræddur.

### 5. Önnur mál.

Fjallað um jafnréttisáætlun framvindu hennar.

Dagbjörtu falið að kanna málið hjá sveitastjóra.

Fundi slitið kl:19:00.